

74. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaginn 26. september 2011 kl. 16:30 að Hamraborg 1, 3. hæð.

Dagskrá:

1. Lagðar fram teikningar fyrirhugaðs húsnæðis Héraðsskjalasafns Kópavogs að Digranesvegi 7 og Fannborg 5.
2. Flutningar safnsins, yfirlit.
3. Starfsmannamál.
4. Öskjur.
5. Fjárhagsáætlun næsta árs.
6. Önnur mál.

Mættir Pétur Hrafn Sigurðsson, Helga Margrét Reinhardsdóttir, Sveinbjörn Strandberg, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Teikningar að Digranesvegi 7 og Fannborg 5 voru ræddar og lýsti stjórn yfir ánægju sinni með þær.
2. Í ágústlok var geymslan að Hamraborg 14a tæmd og skjölunum raðað og skráð á 28 vörubretti. Þau eru nú í geymslu í kjallara safnaðarheimilis Kársnessóknar. Þjóðskjalasafn Íslands lánaði Héraðsskjalasafninu vörubretti til flutningsins endurgjaldslaust.
3. Gunnar Marel Hinriksson hefur verið fastráðinn. Þrír starfsmenn hafa verið ráðnir til febrúarloka til skráningar og undirbúnings fyrir flutning. Því eru nú starfandi sex manns við Héraðsskjalasafnið, en verða fimm frá og með 1. október.
4. Nýja öskjusendingin er komin og er í geymslu í birgðastöð Áhaldahúss Kópavogs.
5. Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar næsta árs ræddur.
6. Önnur mál.
  - a. Skjalavistunaráætlanir fyrir stofnanir Kópavogsbæjar ræddar.
  - b. Hugmynd um nýtt merki Héraðsskjalasafnsins rædd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Pétur Hrafn Sigurðsson [sign]

Helga M. Reinhardsdóttir [sign]

Sveinbjörn Strandberg [sign] með fyrirvara með ánægju yfir teikningum að Digranesvegi 7 og Fannborg 5.

SS. [sign]